Námsgrein: Enska 8. bekkur

Kennari: Harpa Ásgeirsdóttir

Tímafjöldi á viku: 3 klukkustundir

Námsefni: Til grundvallar verður bókin Spotlight 8. Þar að auki verða ýmis önnur verkefni unnin sem fléttast inn í námið, svo sem rafræn verkefni, hópaverkefni, munnlegar æfingar, hlustanir, ritanir, samskiptaæfingar og kynningar. Þar að auki verða lesnar léttlestrarbækur, horft á þætti, kvikmyndir og hlustað á tónlist.

Kennsluaðferðir og skipulag: Innlagnir, umræður, einstaklingsvinna, vinnubókarvinna, paravinna, hópavinna, skriflegar æfingar, samræður, hlustun sem og ýmiss verkefni frá kennara.

Námsmat: Símat. Ýmis fjölbreytt verkefni unnin af nemendum einstaklinga eða í samvinnu við aðra. Þátttaka og virkni nemenda í kennslustundum. Mat hæfniviðmiða eru birt á Mentor.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur geti lesið sér til gagns og gamans margskonar texta, úr bókum, blöðum eða fjölmiðlum ýmiskonar. Nemendur geti verið læs á umhverfi sitt, þjálfist í myndlæsi og bregðist á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.
Sjálfbærni	Nemendur læri að taka afstöðu með eða á móti hinum ýmsu álitamálum og ágreiningsefnum, á lýðræðislegan hátt, bæði með ritun og framsögn. Að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt og læri að beita þeim björgum sem í boði eru í tungumálanámi, s.s. orðabækur á netinu, villuforrit og svo framvegis.

Heilbrigði og velferð	Að skapaður sé jákvæður skólabragur þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum og að nemandi geti unnið út frá sínum styrkleikum með það að markmiði að styrkja sjálfsmyndina.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur læri að taka meiri ábyrgð á eigin námi og hafa val um ýmislegt sem að því lýtur s.s. áhugasviðsverkefnum og skilaverkefnum.
Jafnrétti	Með fjölbreyttum kennsluaðferðum sem byggja á samvinnu, hópavinnu, þemavinnu og rannsóknarvinnu er lögð áhersla á jafnrétti. Nemendur læra að virða skoðanir og sjónarmið hvers annars, hlusta á hvern annan og taka tillit til innleggs annarra.
Sköpun	Nemendur fái tækifæri til þess að nýta sköpunargáfur sínar í fjölbreyttum verkefnum. Vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun, s.s. gerð veggspjalda, myndbanda, semja texta og sögur.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
• Lestur og bókmenntir. • Talað mál, hlustun og áhorf. • Ritun.	• Spotlight 8 lesbók og vinnubók. • Wonder • Notting Hill. • Efni af netinu. • Kvikmyndir og þættir. • Ýmiss gögn frá kennara.	• Reynt að greina aðalatriði úr kynningum og frásögnum. • Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum. • Hlustað eftir upplýsingum og unnið með þær. • Unnið með upplýsingar úr texta. • Lesið sér til ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi. • Lesið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.	• Orðaforðaverkefni. • Hlustunarverkefni. • Ritunarverkefni.

		• Tekið þátt í óformlegu samtali. • Þjálfast í almennum samskiptum. • Þjálfast í að taka þátt í samræðum. • Þjálfist í að tjá sig um efni sem hann þekkir. • Flytji frásögn eða kynningu. • Þjálfist í framburði. • Æft sig að skrifa samfelldan texta. • Aukið orðaforða sinn. • Þjálfist í að skrifa efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.	
• Málfræði	• Spotlight 8 vinnubók. • Gagnvirkt efni af vefsíðum. • Ýmis gögn frá kennara.	• Þekki munin á ákveðnum og óákveðnum greini. • Geti notað eintölu og fleirtölu nafnorða á réttan hátt. • Kunni að stigbreyta lýsingarorð. • Geti ritað daga, vikur, mánuði, tölur og raðtölur rétt. • Kynnist notkun fornafna og spurnarorða. • Kynnist nútíð sagna, reglulegri og óreglulegri þátíð sagna.	• Málfræðikannanir. • Málfræðiverkefni á vef. • Sagnapróf

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Menntun fyrir alla- nemendur þjálfa lestur, hlustun, ritun, orðaforða, tjáningu og samskipti á ensku.



Jafnrétti kynjanna og aukinn jöfnuður- nemendur vinna með fjölbreytta texta



bókmenntir, myndmiðlum og umræður um ólík samfélög, fólk og sjónarhorn.